

# Framleiðsluaukning fiskeldisstöðvarinnar að Laugum, Rangárþingi ytra

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 28. júlí 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Bleikju ehf. Um framleiðsluaukningu í fiskeldisstöðinni að Laugum, Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Framleiðsluaukning Fiskeldisstöðvarinnar Laugum, Rangárþingi ytra. Matsskyldufyrirspurn. Júní 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Rangárþingi ytra 4. ágúst 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 11. ágúst 2022, Hafrannsóknastofnun 17. ágúst 2022, Fiskistofu 31. ágúst 2022, Matvælastofnun 19. ágúst 2022 og Umhverfisstofnun 2. september 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 30. ágúst og 2. september 2022.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Bleikja ehf. á og rekur fiskeldisstöð að Laugum í Rangárþingi ytra og hefur heimild fyrir allt að 20 tonna hámarkslífmassa. Fyrirhuguð framkvæmd felst í framleiðsluaukningu í allt að 100 tonna hámarkslífmassa. Framkvæmdin felur í sér aukna vatnstöku, frárennsli og fóðurnotkun. Tilgangur framkvæmdarinnar er að framleiða laxaseiði fyrir a.m.k. fyrsta áfanga áframeldisstöðvar Geo Salmo í Ölfusi þar sem framleidd verða u.þ.b. 8.000 tonn af laxi á ári. Fyrirhugað er að byggja grindarhús yfir núverandi kerjastæði og endurnýja ker eða byggja ný og stærri og auka þannig eldisrýmið utanhúss úr 936 m<sup>3</sup> í 2.000 m<sup>3</sup> á svipuðu flatarmáli. Fyrirhugað er að setja upp tromlusíu sem allt frárennslið frá stöðinni verður leitt í gegnum áður en það fer í viðtaka, með því er unnt að ná sem mestu af föstu efni úr frárennslinu. Gert er ráð fyrir að allt að 15,6 tonn af föstum lífrænum úrgangi falli til þegar lífmassi er kominn í 100 tonn miðað við að fóðurstuðull sé 1,2. Setþróin verður hreinsuð eftir þörfum, a.m.k. einu sinni á ári. Framkvæmdaraðili áformar að nýta næringarefni sem falla til úr frárennsli og hyggst kanna möguleika á samstarfi við Landgræðsluna eða bændur um notkun seyru til áburðarnotkunar. Varðandi slyasleppingar þá verði viðeigandi stærð af ristum alltaf notuð í hvert ker og þess gætt að gatastærð sé ávallt rétt m.t.t. fiskistærðar og að þær séu tryggilega festar.



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina að Laugum og fyrirhugaða uppbyggingu (mynd fengin úr greinargerð)

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Bleikju ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á grunnvatn

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að kalt vatn sé tekið úr lokuðum brunni í landi Vindáss við Minnivallalæk. Það sé leitt í 400 mm lögn í jörðu u.þ.b. 3 km leið í steinsteyptan blöndunar/loftunartank við stöðina. Vatnið sé um 6,8 °C og vatnsnotkun sé á bilinu 75-100 l/sek og að kaldvatnsnotkun breytist ekki með aukinni framleiðslu. Fram kemur að stöðin noti einnig volgt vatn úr borholum á staðnum og sé því dælt með dælum í dæluhúsum á lóð stöðvarinnar, volga vatnið sé á bilinu 8-15 °C og hámarksnotkun sé um 60 l/sek en með fyrirhugaðri stækkun sé áætlað að vatnstaka á volgu vatni aukist um 15-20 l/sek og verði því 75-80 l/sek. Framkvæmdaraðili telur að með teknu tilliti til mikils framboðs vatns á svæðinu sé líklegt að aukin vatnstaka geti talist sjálfbær í skilningi laga um stjórn vatnamála og að áhrif á grunnvatn geti talist óveruleg.

### Áhrif á vatnsgæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við mat á áhrifum losunar frárennslis frá settjörn/setþró í viðtaka sé horft til þess hvort nýting auðlindarinnar nái að uppfylla markmið laga um stjórn vatnamála. Frá setþrónni renni vatnið í gegnum rist og þaðan í læk sem síðan renni í Árneskvísl. Fyrirhugað sé að setja tromlusíu sem allt frárennsli frá stöðinni fari í gegnum áður en það fari í viðtaka. Áætlað sé að a.m.k. 40-65 % af föstu efni hreinsist úr frárennslinu í tromlusíunni auk þess sé með þessu fyrirkomulagi komið í veg fyrir að fiskur og hrogn fari í frárennslið ef óhapp verði í stöðinni. Miðað við fyrirhugaða framleiðsluaukningu sé gert ráð fyrir 8,5 tonnum lífrænna efna berist í viðtakan, Árneskvísl á ári hverju. Fram kemur að samkvæmt nýlegum mælingum á frárennsli frá stöðinni sé rennslismagn 200 l/sek. Styrkur niturs (N) hafi mælst 183 mg/sek og styrkur fosfórs (P) hafi mælst 18 mg/sek. Í greinargerð voru rangar tölur um áætlað magn



næringarefna í frárennsli. Framkvæmdaraðili uppfærði upplýsingar um áætlað magn næringarefna í svörum sínum við umsögn Hafrannsóknastofnunar sem gerði athugasemd við þær upplýsingar sem komu fram í greinargerðinni. Áætlað magn heildarlosunar niturs í frárennsli sé fyrir framleiðsluaukningu án hreinsunar 1,21 tonn á ári en 10,22 tonn á ári eftir framleiðsluaukningu með hreinsun. Áætlað magn heildarlosunar af fosfór í frárennsli sé 0,19 tonn á ári fyrir framleiðsluaukningu án hreinsunar en 1,11 tonn á ári eftir framleiðsluaukningu með hreinsun. Framkvæmdaraðili telji að þrátt fyrir talsvert hærri styrk niturs og fosfórs í frárennslisvatninu miðað við styrk í Þjórsá sé talið að vegna hraðra vatnsskipta í viðtakanum muni styrkur næringarefna sem berist frá setþrónni í viðtakann þynnast hratt. Að teknu tilliti til mikillar endurnýjunar vatns og þynningar í viðtaka sé líklegt að losun frárennslis frá setþró muni ekki eða lítið breyta einkennum viðtaka og ekki rýra verndargildi hans að mati framkvæmdaraðila.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við aukningu á næringarefnum sem komi til með að berast frá eldisstöðinni og áhrif sem það gæti haft á viðtakann. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sé mikilvægt að framkvæmdir í og við viðtakann valdi ekki hnignun á vistfræðilegu ástandi Þjórsár. Stofnunin bendir á að mjög mikilvægt sé að hreinsibúnaður við eldisstöðina sé ávallt í fullri virkni og að ekki verði misbrestur á því þannig að tromlusíur og/eða settjörn yfirfyllist.

Umhverfisstofnun telur að með aukinni hreinsun, þ.e. notkun tromlusíu og settjörn, verði áhrif á vatn óveruleg en bendir á að í starfsleyfi verði gerð krafa um vöktun á viðtaka.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðast eigi í framkvæmdir til að bæta settjörnina, bæta eigi tromlusíu í hana og minnka þar með vatnsrennsli í gegnum hana sem bæti hreinsunina. Drög að vöktunaráætlun vegna næringarefna sé tilbúin en hún verði send Umhverfisstofnun til samþykktar áður en starfsleyfi verði gefið út.

### **Áhrif á lífríki í viðtaka**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fisktegundir í Þjórsá séu fimm; lax, urriði, bleikja, hornsíli og áll. Laxastofn Þjórsár sé sterkur og að það sé gjöfug laxveiði í ánni neðan Búrfells. Lax gangi upp Þjórsá frá vori fram á haust til hrygninga og séu göngurnar mestar um miðjan júlí. Fram kemur að viðeigandi stærð af ristum sé alltaf notuð í hvert ker til að útiloka að fiskur geti sloppið. Þess sé gætt að gatastærð á ristum í kerjum sé ávallt rétt m.t.t. fiskistærðar og að þær séu tryggilega festar. Öll niðurföll í gólfi séu tryggilega lokuð með ristum í rými þar sem tilflutningur á fiski fari fram. Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga liggja fyrir auk verklags um varnir gegn fiskisjúkdómum í samræmi við gildandi leyfi. Framkvæmdaraðili telji litlar líkur á slyasleppingum þar sem búnaður og verklag sé til staðar til að koma í veg fyrir slíkt.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við það að ekki komi fram í gögnum af hvaða stofni laxaseiðin verði í fyrirhuguðu eldi en að þar hafi fram til þessa verið framleidd laxaseiði til sleppingar í Eystri Rangá. Þar sem ætlunin sé að seiði frá stöðinni fari í áframeldi verði að öllum líkindum um að ræða eldislax af norskum uppruna og telur Hafrannsóknastofnun að þetta sé veigamikil breyting frá þeirri starfsemi sem hafi verið þar og að mikilvægt sé að fjalla um áhrif breyttrar starfsemi í eldisstöðinni á upplýstan hátt. Hafrannsóknastofnun greinir frá áhyggjum sínum af því að verið sé að nota laxaseiði af erlendum uppruna þar sem fiskur kunni að berast frá eldisstöðinni í Þjórsá og aðrar þverár hennar. Kynbættur lax af erlendum uppruna geti blandast þeim stofnum sem þar séu fyrir. Fram kemur að ekki hafi verið metið sérstaklega hvað sé í húfi ef fiskar sleppi út frá eldisstöðinni, en reynsla sýni að erfitt sé að koma í veg fyrir að slíkt gerist þrátt fyrir varnir. Brýnt sé að lagt verði mat á þau áhrif sem slyaslepping á kynbættum eldisfiski af erlendum uppruna gæti haft á náttúrulega fiskistofna. Gera þurfi grein fyrir ráðstöfunum sem gerðar verði til að minnka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og áætluðum mótvægisáðgerðum. Stofnunin áréttar að miklir hagsmunir margra aðila séu í húfi tengdir veiðinýtingu í Þjórsá auk þess sem að laxastofn Þjórsár sé annar af stærstu laxastofnum landsins og með stærri laxastofnum í ám við N-Atlantshafið. Í Noregi sé innblöndun eldislaxa talin önnur af mestu ógnum sem fiskeldi hafi á villta laxastofna.



Atlantshafslaxinn hafi átt undir högg að sækja undanfarin ár og því mikilvægt að stjórnvöld hugi að því að umhverfisálag á stofnana aukist ekki. Telur stofnunin að fyllsta ástæða sé til að skoða vel hvort ekki sé ástæða til þess að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, sérstaklega að teknu tillit til 2. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Að mati stofnunarinnar þurfi að lágmarki að gera kröfur um vöktun neðan úrfalls og ef þar finnast laxaseiði verði uppruni þeirra greindur með greiningu á erfðæfni líkt og gert sé með laxa sem sleppi úr eldi og gangi í ár.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að mikilvægt sé að hugað sé sérstaklega að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskur sleppi frá stöðinni séu litlar þar sem það geti valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Fiskistofa telur að þar sem framkvæmdaraðili hyggist nota tromlusíu sem allt frárennsli frá stöðinni verði leitt í gegnum áður en það fari í viðtaka, séu litlar líkur á því að fiskar muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. Einnig kemur fram að þar sem um sé að ræða landeldi sé ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt verði að bregðast við ef sjúkdómar komi upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist þaðan. Fiskistofa telur að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að í reglugerð um fiskeldi komi fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði settum í frárennsli stöðvar sem fangi fisk sem sleppi. Matvælastofnun telur að ef ofangreindu verði gerð skil sé ekki ástæða til að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða, sjúkdómavarna og velferðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði í umtalsverðar endurbætur og/eða endurbyggingu á stöðinni á næstunni og verði varnir gegn slysasleppingum margþættar og verði það að teljast nær ómögulegt að seiði geti sloppið úr stöðinni en að starfsfólk verði einnig þjálfað í notkun og viðhaldi slíkra varna sem og viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga. Notast verði við eftirtaldir varnir: sigtun á frárennsli frá hrognskápum og rennum, niðurfallsristar í öllum körum og í gólfum, tromlusía, fiskigildra eftir tromlusíu (minnst ein) og neyðarnætur með smáa möskvastærð staðsett við skurð. Fram kemur að komið hafi verið á fót innra eftirliti samkvæmt 47. gr. reglugerðar 540/2020 varðandi búnað og innra eftirlit með fiskeldisstöðvum og að einnig hafi verið útbúin viðbragðsáætlun varðandi slysasleppingar.

#### **Áhrif á verndarsvæði**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið falli undir mikilvæg fuglasvæði og að eldisstöðin standi á Þjórsárhrauni sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Fram kemur að framleiðsluaukningin hafi lágmarks rask í för með sér, sem felist fyrst og fremst í jarðvinnuframkvæmdum og endurnýjun og yfirbyggingu kerja á reit sem þegar hafi verið raskað með byggingu núverandi kerja. Samkvæmt niðurstöðum úr prufuholum sé það efni sem yrði hreyft við fyrst og fremst sandur og lífrænt efni og því gangi framkvæmdin ekki gegn verndarákvæðum náttúruverndarlaga. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á fuglalíf þar sem útiker verði yfirbyggð og frárennsli hreinsað.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028. Samþykkt deiliskipulag liggur ekki fyrir en sveitarfélagið hefur auglýst tillögu að deiliskipulagi sem gerð var samhliða gerð matsskyldufyrirspurnarinnar.



Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Rangárþings ytra samkvæmt skipulagslögum og byggingarleyfi Rangárþings ytra samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig nýtingarleyfi Orkustofunnar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti. Auk þess er hún háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um fráveitur og skólp og rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi. Að endingu þarf leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda við veiðivötn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða framleiðsluaukningu fiskeldisstöðvarinnar að Laugum í Rangárþingi ytra úr 20 tonnum í 100 tonna hámarkslífmassa. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og úrgangsmýndunar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, m.a. umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og gera má ráð fyrir því að magn uppleystra næringarefna í frárennsli muni aukast við framleiðsluaukninguna. Framkvæmdaraðili hyggst ráðast í betrubætur á hreinsun frárennslis með því að koma fyrir tromlusíu. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að með þeim aðgerðum sem kynntar eru til að auka hreinsun á frárennsli munu áhrif á vatnsgæði verða óveruleg en að mikilvægt sé að viðtaki verði vaktaður. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi eigi að kveða á um hreinsun frárennslis og vöktun á næringarefnum sem berast frá stöðinni.

Hafrannsóknastofnun hefur áhyggjur af slysasleppingum og að kynbættur lax af erlendum uppruna geti blandast þeim stofnum sem fyrir séu, en laxastofn Þjórsár er annar af stærstu laxastofnum landsins. Fiskistofa telur litlar líkur á því að fiskar muni berast frá stöðinni þar sem viðhafðar verði ýmsar varnir gegn slysasleppingu. Sleppivarnir stöðvarinnar samanstanda af sigtun á frárennsli frá hrognaskápum og rennum, niðurfallsristum í körum og gólfum, tromlusíu, fiskigildru eftir tromlusíu (að lágmarki ein) og neyðarnætum með smáa möskvastærð við skurð. Þá verður starfsfólk þjálfað í notkun og viðhaldi varna. Að mati Skipulagsstofnunar er ólíklegt að fiskur sleppi frá stöðinni ef verktilhögun og sleppivarnir verða með þeim hætti sem framkvæmdaraðili hefur boðað. Skipulagsstofnun telur að í rekstrarleyfi eigi að vera skýr ákvæði um varnir gegn slysasleppingu og að gerð sé krafa um vöktun neðan útfalls og að ef þar finnast laxaseiði þá verði uppruni þeirra greindur.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2.



viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. október 2022.

Reykjavík, 19. september 2022

Egill Þórarinsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir